

Hampiðjan hf.

Ársreikningur 2002

Ársreikningur 2002

| Efnisyfirlit: | Bls. |
|---------------------------|--------|
| Skýrsla stjórnar..... | 1 |
| Áritun endurskoðenda..... | 2 |
| Rekstrarreikningur..... | 3 |
| Efnahagsreikningur..... | 4 - 5 |
| Sjóðstreymi..... | 6 |
| Skýringar..... | 7 - 13 |

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Bíldshöfða 9
Reykjavík

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins og samstæðureikning félagsins og dótturfélaganna Balmar Fios Lda. í Portúgal, Hampidjan Namibia Ltd. í Namibíu, Hampidjan New Zealand Ltd. á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA Ltd. í Bandaríkjunum, Swan - Net Gundry Ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku og AS Hafi Ltd í Noregi.

Í samræmi við breytingar á lögum um ársreikninga eru reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á rekstrar- og efnahagsreikning ekki lengur færð í reikningsskilin. Í skýringum við ársreikning móðurfélagsins er getið um afkomu og eiginfjárstöðu dótturfélaganna.

SAMSTÆÐA

Söluverðmæti samstæðunnar á árinu var 4.077 milljónir króna sem er 24% meira en árið áður. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 413, en voru 404 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 1.217 milljónum, þar af voru 122 milljónir launatengd gjöld.

MÓÐURFÉLAG

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður félagsins 263 milljónir króna. Söluverðmæti móðurfélagsins á árinu var 1.705 milljónir króna sem er 6% minna en árið áður. Unnin ársverk hjá móðurfélagini voru 159, en voru 166 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 501 milljónum, þar af voru 64 milljónir launatengd gjöld.

Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam í árslok 1.867 milljónum og eiginfjárlutfall var 49%. Hlutafé í árslok nam 495 milljónum króna og innra virði félagsins var því 3,8. Síðasta skráða viðskiptagengi með hlutabréf félagsins á sl. ári var 4,65.

Fjöldi hluthafa í félagini var 433 í árslok, en var 467 í ársbyrjun. Í árslok átti Vogun hf. 28% af hlutafé félagsins, en aðrir hluthafar áttu minna en 10%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 10% arður til hluthafa á árinu 2003, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfunar hagnaðar.

Stjórn Hampiðjunnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins og samstæðureikning fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík 25. mars 2003

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurgeir Guðmannsson

Unnur Þórðardóttir

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 27 fyrir móðurfélag og samstæðu. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga dótturfélaga, að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu móðurfélagsins og samstæðunnar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 25. mars 2003

PricewaterhouseCoopers ehf

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Ég undirritaður kjörinn skoðunarmaður Hampiðjunnar hf. hef farið yfir ársreikning þennan. Hef ég í skoðun minni ekkert fundið athugavert og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 25. mars 2003

Soffía Guðmundsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR 2002

| | Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|--|-------|------------------|-----------|------------------|-----------|
| | | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 |
| REKSTRARTEKJUR | | | | | |
| Seldar vörur og þjónusta..... | | 4.077.061 | 3.292.857 | 1.705.452 | 1.808.179 |
| REKSTRARGJÖLD | | | | | |
| Hráefni og birgðabreyting afurða..... | | 1.947.958 | 1.380.694 | 812.907 | 773.921 |
| Vinnulaun við framleiðslu..... | | 788.820 | 812.360 | 365.813 | 449.752 |
| Önnur rekstrargjöld..... | | 983.879 | 771.016 | 373.431 | 386.987 |
| | | 3.720.657 | 2.964.070 | 1.552.151 | 1.610.660 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | | | |
| Afskriftir fastafjármuna..... 11,12 | | 356.404 | 328.787 | 153.301 | 197.519 |
| | | (155.690) | (112.027) | (56.052) | (56.631) |
| Rekstrarhagnaður | | 200.714 | 216.760 | 97.249 | 140.888 |
| FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD | | | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld..... 9 | | 3.221 | (235.347) | 58.253 | (172.608) |
| Áhrif af rekstri dótturfélaga..... | | | | (4.823) | 12.023 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga..... 16 | | 161.951 | | 161.951 | |
| Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld | | 365.886 | (18.587) | 312.630 | (19.697) |
| AÐRAR TEKJUR (GJÖLD) | | | | | |
| Aðrar tekjur (gjöld)..... 10 | | (41.144) | 101.043 | | 101.043 |
| Hagnaður fyrir skatta | | 324.742 | 82.456 | 312.630 | 81.346 |
| Eignarskattur..... | | (3.339) | (7.827) | (3.339) | (7.827) |
| Tekjuskattur..... 22 | | (42.166) | 103.876 | (46.558) | 101.932 |
| Hagnaður eftir skatta | | 279.237 | 178.505 | 262.733 | 175.451 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga..... | | (16.504) | (3.054) | | |
| Hagnaður ársins | | 262.733 | 175.451 | 262.733 | 175.451 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2002

| EIGNIR | Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | | |
|------------------------------------|---------|------------------|-------------|-------------------|-------------|--|
| | | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 | |
| FASTAFJÁRMUNIR | | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | | |
| Viðskiptavild..... | 11 | 209.624 | 42.522 | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | | |
| Fasteignir..... | 2,12,14 | 1.364.833 | 1.363.263 | 638.298 | 649.792 | |
| Vélar, áhöld og tæki..... | 2,12 | 667.242 | 705.610 | 403.904 | 431.011 | |
| | | 2.032.075 | 2.068.873 | 1.042.202 | 1.080.803 | |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum..... | 15-17 | 661.359 | 585.699 | 1.418.057 | 1.314.203 | |
| Lán til dótturfélaga..... | | | | 128.700 | 142.990 | |
| Skuldabréf og langtímakröfur..... | | 180.908 | 192.918 | 169.737 | 180.734 | |
| | | 842.267 | 778.617 | 1.716.494 | 1.637.927 | |
| Fastafjármunir samtals | | 3.083.966 | 2.890.012 | 2.758.696 | 2.718.730 | |
| VELTUFJÁRMUNIR | | | | | | |
| Birgðir..... | 18 | 1.322.841 | 1.258.768 | 487.522 | 541.034 | |
| Viðskiptakröfur..... | 19 | 987.855 | 883.907 | 252.347 | 339.127 | |
| Viðskiptakröfur á dótturfélög..... | | | | 270.308 | 388.383 | |
| Aðrar skammtímakröfur..... | | 29.118 | 31.776 | 8.605 | 25.980 | |
| Handbært fé..... | | 139.714 | 34.746 | 13.109 | 361 | |
| Veltufjármunir samtals | | 2.479.528 | 2.209.197 | 1.031.891 | 1.294.885 | |
| Eignir samtals | | 5.563.494 | 5.099.209 | 3.790.587 | 4.013.615 | |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2002

| | Skýr. | Samstæða | | Móðurfélag | |
|--|-----------|------------------|-----------|------------------|-----------|
| | | 2002 | 2001 | 2002 | 2001 |
| EIGIÐ FÉ | | | | | |
| Hlutafé..... | 20 | 494.125 | 495.125 | 494.125 | 495.125 |
| Annað eigið fé..... | 21 | 1.373.023 | 1.256.527 | 1.373.023 | 1.256.527 |
| Eigið fé samtals | 21 | 1.867.148 | 1.751.652 | 1.867.148 | 1.751.652 |
| Hlutdeild minnihluta..... | 5 | 352.163 | 266.826 | | |
| SKULDIR OG SKULDBINDINGAR | | | | | |
| Skuldbindingar: | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding..... | 22 | 202.704 | 207.082 | 205.367 | 181.698 |
| Langtímaskuldir..... | 23 | 1.402.854 | 1.388.165 | 726.933 | 1.017.581 |
| Skammtímaskuldir: | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir..... | | 525.840 | 492.138 | 461.578 | 492.138 |
| Viðskiptaskuldir..... | | 894.553 | 750.967 | 168.390 | 219.377 |
| Skuld við dótturfélög..... | | | | 185.433 | 179.889 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda..... | 23 | 256.714 | 227.282 | 149.780 | 162.263 |
| Skattar ársins..... | | 61.518 | 15.097 | 25.958 | 9.017 |
| | | 1.738.625 | 1.485.484 | 991.139 | 1.062.684 |
| Skuldir samtals | | 3.344.183 | 3.080.731 | 1.923.439 | 2.261.963 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 5.563.494 | 5.099.209 | 3.790.587 | 4.013.615 |
| Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar..... | 24-27 | | | | |

SJÓÐSTREYMI 2002

| | Skýr. | 2002 | Samstæða 2001 | Móðurfélag 2002 | 2001 |
|---|-------|------------------|------------------|--------------------|-----------|
| REKSTRARHREYFINGAR | | | | | |
| Hagnaður ársins..... | | 262.733 | 175.451 | 262.733 | 175.451 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvældi: | | | | | |
| Afskriftir..... | 12 | 155.690 | 112.027 | 56.052 | 56.631 |
| Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga..... | | | (56.412) | | (56.412) |
| Hækkuð (lækkun) tekjuskattsskuldbindingar..... | 22 | 13.121 | (103.876) | 23.669 | (101.932) |
| Verðb. og gengismunur af langtímask. og kröfum..... | | (135.493) | 196.585 | (136.316) | 181.946 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga..... | | | | 4.823 | (12.023) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga..... | 16 | (147.815) | | (147.815) | |
| Hagnaður af sölu eigna..... | 9 | (62.473) | (116.897) | (51.232) | (116.502) |
| Afskrifuð hlutabréfaeign..... | 15 | 119.788 | 18.228 | 119.788 | 9.940 |
| Veltufé frá rekstri | | 205.551 | 225.106 | 131.702 | 137.099 |
| Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Lækkun (hækkuð) skammtímakrafna..... | | 12.389 | 102.406 | 59.626 | (247.224) |
| Lækkun (hækkuð) birgða..... | | 40.748 | (153.304) | 53.512 | (81.222) |
| (Lækkun) hækkuð skammtímaskulda..... | | (69.640) | (131.570) | (90.545) | 159.091 |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | 189.048 | 42.638 | 154.295 | (32.256) |
| FJÁRFESTINGAHREYFINGAR | | | | | |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum..... | | (246.517) | (25.456) | (86.154) | (25.353) |
| Seldir eignarhlutar í öðrum félögum..... | | 101.525 | 21.891 | 101.525 | 20.000 |
| Hluthafalán, breyting..... | | | | 9.127 | 8.998 |
| Skuldabréf og langtímakröfur, breyting..... | | 19.766 | 21.446 | 18.592 | 21.446 |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir..... | 12 | (71.009) | (128.010) | (21.072) | (96.485) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir..... | 12 | 132.245 | 9.575 | 3.700 | 9.609 |
| | | (63.990) | (100.554) | 25.718 | (61.785) |
| FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR | | | | | |
| Skammtímalán, hækkuð (lækkun)..... | | 86.325 | 212.928 | 31.485 | 213.919 |
| Tekin ný langtímalán..... | | 123.702 | 27.843 | | |
| Afborgun langtímalána..... | 23 | (229.806) | (155.800) | (154.940) | (86.476) |
| Keypt eigin hlutabréf..... | | (4.200) | | (4.200) | |
| Arður greiddur til hluthafa..... | | (39.610) | (38.610) | (39.610) | (38.610) |
| | | (63.589) | 46.361 | (167.265) | 88.833 |
| Hækkuð (lækkun) á handbæru fé..... | | 61.469 | (11.555) | 12.748 | (5.208) |
| Handbært fé í byrjun árs..... | | 78.245 | 46.301 | 361 | 5.569 |
| Handbært fé í lok ársins..... | | 139.714 | 34.746 | 13.109 | 361 |

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hefur að geyma reikningsskil samstæðunnar og móðurfélagsins. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum hér á eftir, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Breytingar á reikningsskilaðferðum og framsetningu

- Í samræmi við breytingar á lögum um ársreikninga eru reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á rekstrar- og efnahagsreikning ekki lengur færð í reikningsskilin. Endurmatsreikningur meðal eigin fjár færist til hækkanar á óráðstöfuð eigin fé í ársbyrjun 2002. Í breytingunni felst að reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, svokölluð verðbreytingarfærsla, er ekki lengur færð í rekstrarreikning. Einnig er endurmat fastafjármuna ekki lengur fært og afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum sem til voru í árslok 2001 reiknast af framreiknuðu stofnverði eins og það stóð í lok þess árs.

Samanburðarfjárhæðum fyrra árs í rekstrarreikningi hefur ekki verið breytt, en hagnaður ársins 2001 fyrir skatta hefði verið kr. 54 milljónum lægri ef verðbólgeleiðréttigungum hefði ekki verið beitt við gerð þeirra reikningsskila.

- Eignarhlutir í hlutdeildarfélögunum Granda hf og Vaka DNG hf. eru í fyrsta sinn færðir til eignar með þeirri fjárhæð er svarar til hlutdeilda félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarreikning. Mismunur á bókfærðu verði eignarhlutanna og þeirri fjárhæð sem svarar til hlutdeilda í eigin fé í byrjun ársins er færð á eigið fé.

Samanburðarfjárhæðum fyrra árs í rekstrarreikningi hefur ekki verið breytt, en ef hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga hefði verið færð í reikningsskilin hefði hagnaður félagsins fyrir skatta árið 2001 orðið um kr. 18 milljónum hærri.

Samanburðarfjárhæðum fyrra árs í efnahagsreikningi hefur verið breytt til samræmis við að hlutdeildaraðferð hefði verið beitt við mat á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum.

Matsaðferðir

- Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða innlausn, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Ársreikningur samstæðu

- Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. innifelur ársreikninga Hampiðjunnar hf., og dótturfélaga hennar. Dótturfélöginn eru, Balmar Fios Portúgal, Cosmos Trawl Danmörku, Hampidjan USA, Hampidjan Namibia, Hampidjan New Zealand, AS Hafi Noregi og Swan Net Gndry Íslandi.

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færist til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra félaga í samstæðunni en innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Áhrif móðurfélags og dótturfélaga á ársreikninginn er sem hér segir:

| | Hagnaður | Bókf. eigið fé |
|------------------------------------|----------|----------------|
| Móðurfélag, Hampiðjan hf..... | 267.556 | 1.091.837 |
| Samtals eigið fé dótturfélaga..... | | 1.127.474 |
| Hlutdeild minnihluta..... | | (352.163) |
| Hluti í afkomu dótturfélaga..... | (4.823) | |
| Samstæða..... | 262.733 | 1.867.148 |

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendu dótturfelaganna eru eignfærðir miðað við gengi í lok ársins. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af stofnverði.

| | Afskriftarhlutföll | Niðurlagsverð |
|---------------------|--------------------|---------------|
| Fasteignir..... | 1 til 5% | 10% |
| Vélar og áhöld..... | 8 til 25% | 0 - 12% |

Erlendir gjaldmiðlar

7. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins og áfallinn gengismunur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda móðurfélagsins er færður í rekstrarreikning. Rekstrartekjur og -gjöld erlendu dótturfelaganna eru færð á meðalgengi ársins. Þýðingarmunur vegna yfirfærslu reikningsskila erlendra dótturfélaga í Íslenskar krónur er færður á sérstakan reikning meðal eiginfjárlíða.

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

8. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---------------------------------------|-----------|------------|
| Laun..... | 1.094.523 | 436.796 |
| Launatengd gjöld..... | 122.224 | 63.936 |
| Laun og launatengd gjöld samtals..... | 1.216.747 | 500.732 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu..... | 413 | 159 |

Laun stjórnar, forstjóra, fjögurra framkvæmdastjóra og kjörins skoðunarmanns móðurfélagsins vegna starfa fyrir félög innan samstæðunnar námu kr. 44,7 milljónum á árinu.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

9. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|----------|------------|
| Vextir, verðbætur og gengismunur langtímaskulda..... | 56.500 | 103.189 |
| Vaxtagjöld skammtímaskulda að frádregnum vaxtatekjum..... | 15.069 | 23.412 |
| Arður af eignarhlutum..... | 287 | 287 |
| Söluhagnaður og niðurfærsla eignarhluta í félögum..... | (68.635) | (68.635) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals..... | 3.221 | 58.253 |

AÐRAR TEKJUR (GJÖLD)

10. Í rekstrarreikningi eru sérgreindar og gjaldfærðar kr. 41 milljón vegna dótturfélaga. Að stærstum hluta er um að ræða kostnað vegna starfslokasamninga hjá Swan Net sem komu til vegna sameiningar félagsins við Gundrys.

FASTAFJÁRMUNIR

11. Á liðinn viðskiptavild hefur verið fárt yfirverð vegna kaupa á hlutabréfum í dótturfélögum. Viðskiptavildin afskrifast á fimm til tuttugu árum og sundurliðast þannig:

| | Samstæða |
|----------------------------------|----------|
| Viðskiptavild í byrjun árs..... | 42.522 |
| Keypt viðskiptavild á árinu..... | 208.193 |
| Gengismunur..... | (1.903) |
| Afskrifað á árinu..... | (16.834) |
| Gjaldfært á árinu..... | (22.354) |
| Viðskiptavild í lok ársins..... | 209.624 |

12. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Samstæða:

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|--------------------------------|------------|----------------------|-----------|
| Stofnverð í ársbyrjun..... | 2.021.798 | 1.818.633 | 3.840.431 |
| Gengismunur..... | (71.229) | (48.054) | (119.283) |
| Viðbót á árinu..... | 39.333 | 70.114 | 109.447 |
| Selt og niðurlagt á árinu..... | (117.844) | (15.650) | (133.494) |
| Stofnverð í lok ársins..... | 1.872.058 | 1.825.043 | 3.697.101 |

| | | | |
|--------------------------------|----------|-----------|-----------|
| Afskifað áður..... | 480.933 | 1.094.282 | 1.575.215 |
| Gengismunur..... | (10.390) | (29.003) | (39.393) |
| Selt og niðurlagt á árinu..... | (466) | (9.186) | (9.652) |
| Afskifað á árinu..... | 37.148 | 101.708 | 138.856 |
| Afskifað samtals..... | 507.225 | 1.157.801 | 1.665.026 |

| | | | |
|--------------------------------|-----------|---------|-----------|
| Bókfært verð í lok ársins..... | 1.364.833 | 667.242 | 2.032.075 |
|--------------------------------|-----------|---------|-----------|

Móðurfélag:

| | Fasteignir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|--------------------------------|------------|----------------------|-----------|
| Stofnverð í ársbyrjun..... | 1.000.448 | 1.158.946 | 2.159.394 |
| Viðbót á árinu..... | | 21.072 | 21.072 |
| Selt og niðurlagt á árinu..... | | (7.159) | (7.159) |
| Stofnverð í lok ársins..... | 1.000.448 | 1.172.859 | 2.173.307 |

| | | | |
|--------------------------------|---------|---------|-----------|
| Afskifað áður..... | 350.657 | 727.935 | 1.078.592 |
| Selt og niðurlagt á árinu..... | | (3.539) | (3.539) |
| Afskifað á árinu..... | 11.493 | 44.559 | 56.052 |
| Afskifað samtals..... | 362.150 | 768.955 | 1.131.105 |

| | | | |
|--------------------------------|---------|---------|-----------|
| Bókfært verð í lok ársins..... | 638.298 | 403.904 | 1.042.202 |
|--------------------------------|---------|---------|-----------|

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|--|----------|------------|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna..... | 138.856 | 56.052 |
| Afskrift viðskiptavildar..... | 16.834 | |
| Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi..... | 155.690 | 56.052 |

| | Vátryggingarfjárhæð | Bókfært verð |
|--|---------------------|--------------|
| 13. Vélar, áhöld og tæki samstæðunnar greinast þannig..... | 1.336.000 | 667.242 |

| | | |
|--|---------|---------|
| Vélar, áhöld og tæki móðurfélagsins greinast þannig..... | 736.000 | 403.904 |
|--|---------|---------|

Vátryggingarupphæðin er miðuð við endurkaupsverð sambærilegra véla, áhalda og tækja.

14. Fasteignir greinast þannig:

| | Fasteignamat hús | Brunabóamat | Bókfært verð |
|--|------------------|-------------|--------------|
| Verksmiðubygging að Bíldshöfða 9, móðurfélag..... | 458.950 | 712.865 | 384.348 |
| Verksmiðubygging að Súðarvogi 4, móðurfélag..... | 183.549 | 287.688 | 253.950 |
| Fasteignir og lóð Swan Net - Gundry Ltd, Írland..... | | 311.053 | 320.375 |
| Verksmiðubygging í Pombal, Portúgal..... | | | 85.438 |
| Fasteignir í Walvis Bay, Namíbíu..... | | | 16.707 |
| Fasteignir í Hirtshals og Skagen, Danmörku..... | | 304.015 | 304.015 |
| Samtals samstæða..... | 642.499 | 1.615.621 | 1.364.833 |

Fasteignamat leigulóða í lok ársins var kr. 179,8 milljónir.

EIGNARHLUTAR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

15. Eignarhlutir í hlutafélögum greinast þannig:

| | Hlutdeild móðurfélags | Samstæða Nafnverð | Bókfært verð | Móðurfélag Nafnverð | Bókfært verð |
|--|--------------------------|----------------------|--------------|------------------------|--------------|
| Erlend dótturfélög | | | | | |
| Balmar Fios, Portúgal..... | 90,0% | | | 76.239 | 230.827 |
| Hampidjan Namibia..... | 100,0% | | | 6.482 | 31.039 |
| Swan Net - Gundry, Írlandi..... | 50,6% | | | 306 | 245.065 |
| Hampidjan USA..... | 100,0% | | | 71 | 82.436 |
| Hampidjan New Zealand..... | 100,0% | | | 10.670 | 63.820 |
| Cosmos Trawl, Danmörku..... | 60,0% | | | 112.939 | 109.107 |
| AS Hafi Itd., Noregi..... | 66,3% | | | 1.418 | 13.016 |
| Rope, Net and Twine Itd..... | 80,0% | | | 4 | 500 |
| | | 4 | 500 | 208.129 | 775.810 |
| | Samtals | | | | |
| | | 4 | 500 | 208.129 | 775.810 |
| Innlend dótturfélög | | | | | |
| Neta- og veiðarfæragerðin ehf..... | 69,0% | 963 | 8.295 | 963 | 8.295 |
| Netagerð Vestfjarða hf..... | 60,0% | 20.000 | 500 | 20.000 | 500 |
| Tben ehf..... | 60,0% | 7.500 | 3.567 | 7.500 | 3.567 |
| Candís ehf..... | 100,0% | 500 | 3.182 | 500 | 3.182 |
| | Samtals | | | | |
| | | 28.963 | 15.544 | 28.963 | 15.544 |
| Hlutdeildarfélög | | | | | |
| Grandi hf..... | 9,4% | 128.506 | 513.235 | 128.506 | 513.235 |
| Vaki - DNG hf..... | 26,2% | 16.961 | 22.786 | 16.961 | 22.786 |
| | Samtals | | | | |
| | | 145.467 | 536.021 | 145.467 | 536.021 |
| Önnur félög | | | | | |
| Scandsea AB..... | 2,0% | 310 | 46.446 | 310 | 46.446 |
| Set ehf..... | 8,0% | 783 | 7.528 | 783 | 7.528 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf..... | | 4.661 | 7.554 | 4.661 | 7.554 |
| Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf..... | 20,0% | 6.163 | 21.041 | 6.163 | 21.041 |
| Netagerð Aðalsteins ehf..... | 20,0% | 163 | 6.000 | 163 | 6.000 |
| Íslandsbanki hf..... | | 140 | 140 | 140 | 140 |
| Fiskmarkaður Íslands hf..... | | 724 | 759 | 724 | 759 |
| Máttarstólpars ehf..... | | 450 | 818 | 450 | 818 |
| Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf..... | | 329 | 388 | 329 | 388 |
| Gundry Shetland Itd..... | | 18.032 | 18.032 | | |
| Önnur félög..... | | 588 | 588 | 972 | 8 |
| | Samtals | | | | |
| | Eignarhlutir samtals | | | | |
| | | 32.343 | 109.294 | 14.695 | 90.682 |
| | | 206.777 | 661.359 | 397.254 | 1.418.057 |

Eignarhlutir í innlendum dótturfélögum, sem voru keyptir á seinni hluta ársins eru færðir niður um kr. 55 milljónir, til samræmis við hlutdeild í eigin fé þeirra í árslok. Eignarhlutir í erlendum dótturfélögum sem voru keyptir á árinu, voru einnig færðir niður um kr. 28 milljónir, til samræmis við hlutdeild í eigin fé þeirra í árslok. Þá var áður eignfærð viðskiptavild nokkurra dótturfélaga að upphæð kr. 36 milljónir gjaldfærð.

Eignarhlutir í Granda hf. og Vaka DNG hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaðferð. Aðrir eignarhlutir eru færðir á framreiknuðu kaupverði til byrjunar ársins, en án framreiknings eftir það.

Trawl Investments Ltd., á Írlandi keypti allt hlutafé í Gundrys Ltd. á Írlandi. Félögin voru sameinuð og heitir sameinað félag Swan Net - Gundry ltd. Við sameininguna koma inn eignir og skuldir í samstæðuna sem ekki eru inn í samanburðartölum vegna fyrra árs, en eru hins vegar í upphæðum frá fyrra ári í skýringum og sjóðstreymi.

Hlutabréf í Útgerðarfélagi Akureyringa að nafnverði kr. 17 milljónir voru sold á árinu fyrir kr. 102 milljónir og er söluhagnaður vegna þeirra viðskipta að upphæð kr. 51 milljón færður í ársreikninginn.

16. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum Granda hf og Vaka DNG hf. eru færðir til eignar með þeirri fjárhæð er svarar til hlutdeilda félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarrekning. Mismunur á bókfærðu verði eignarhlutanna og þeirri fjárhæð sem svarar til hlutdeilda í eigin fé í byrjun ársins er færður á eigið fé. Ársrekningur Vaka DNG lá ekki fyrir og er því notast við níu mánaða árshlutareikning félagsins. Hreyfingar ársins á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Grandi | Vaki DNG | Samtals |
|---|----------|----------|----------|
| Staða hlutabréfaeignar í ársbyrjun..... | 225.248 | 68.579 | 293.827 |
| Eignarhlutir uppfærðir miðað við stöðu í ársbyrjun..... | 177.772 | (37.618) | 140.154 |
| Leiðrétt staða hlutabréfaeignar í ársbyrjun..... | 403.020 | 30.961 | 433.981 |
| Hluti í keyptum eigin bréfum..... | (28.480) | | (28.480) |
| Hluti í endurmati á árinu..... | (17.311) | 16 | (17.295) |
| Arður ársins..... | (14.136) | | (14.136) |
| Hlutdeild í hagnaði (tapi) ársins..... | 170.142 | (8.191) | 161.951 |
| Eignarhluti í hlutdeildarfélögum í lok ársins..... | 513.235 | 22.786 | 536.021 |

17. Bókfært verð hlutabréfa í ársrekningnum sem skráð eru í Kauphöll Íslands er kr. 536,2 milljónir en markaðsverðmæti þeirra miðað við síðasta skráða viðskiptagengi er kr. 775,8 milljónir. Eignarhlutirnir eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð eða kostnaðarverði.

BIRGÐIR

18. Birgðir eru metnar á framleiðslukostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaðarverð samanstendur af beinum framleiðslukostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Birgðir sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|-----------|------------|
| Afurðir..... | 520.803 | 299.244 |
| Vörur í vinnslu..... | 37.717 | 10.657 |
| Afurðir og vörur í vinnslu samtals..... | 558.520 | 309.901 |
| Hráefni og vörur til endursölu..... | 764.321 | 177.621 |
| Birgðir samtals..... | 1.322.841 | 487.522 |

VIÐSKIPTAKRÖFUR

19. Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 44 milljónir í efnahagsrekningi móðurfélagsins og um kr. 80 milljónir hjá samstæðunni. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslureikningurinn greinist á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---------------------------------------|----------|------------|
| Niðurfærsla í byrjun árs..... | 79.348 | 64.000 |
| Endanlega tapaðar kröfur á árinu..... | (5.491) | (4.813) |
| Breyting niðurfærslu á árinu..... | 5.879 | (15.355) |
| Niðurfærsla í lok ársins..... | 79.736 | 43.832 |

EIGIÐ FÉ

20. Nafnverð hlutafjár félagsins greinist þannig:

| | |
|--------------------|---------|
| Hlutafé..... | 500.000 |
| Eigið hlutafé..... | (5.875) |
| Samtals | 494.125 |

21. Yfirlit yfir eigið fé

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar-munur | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|-----------------------------|---------|----------------------|-----------------------|----------------|----------------------|---------------------|-----------|
| Yfirfært frá fyrra ári..... | 495.125 | 48.666 | 95.374 | | 88.491 | 909.070 | 1.636.726 |
| Hlutdeildarfélög 1/1.. | | | | | | 114.926 | 114.926 |
| Leiðr. staða 1/1..... | 495.125 | 48.666 | 95.374 | | 88.491 | 1.023.996 | 1.751.652 |
| Endurmatsreikn. millif.. | | | | | (88.491) | 88.491 | |
| Arður til hluthafa..... | | | | | | (39.610) | (39.610) |
| Hagnaður ársins..... | | | | | | 262.733 | 262.733 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga. | | | | | | (45.777) | (45.777) |
| Þýðingarmunur..... | | | | | (57.650) | | (57.650) |
| Keypt eigin hlutabréf... | (1.000) | (3.200) | | | | | (4.200) |
| Samtals | 494.125 | 45.466 | 95.374 | (57.650) | 0 | 1.289.833 | 1.867.148 |

SKATTAMÁL

22. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi. Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu sundurliðast þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|--|----------|------------|
| Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs..... | 181.854 | 156.470 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar í byrjun árs vegna hlutdeildarfélaga..... | 25.228 | 25.228 |
| Leiðrétt tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs..... | 207.082 | 181.698 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar í byrjun árs vegna dótturfélaga..... | 12.946 | |
| Tekjuskattur ársins..... | 42.166 | 46.558 |
| Gengismunur..... | (4.066) | |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári..... | (55.424) | (22.889) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins..... | 202.704 | 205.367 |

LANGTÍMASKULDIR

23. Yfirlit yfir langtímaskuldir samstæðu og móðurfélags:

| | Vextir | Samstæða | Vextir | Móðurfélag |
|---|--------|-----------|--------|------------|
| Verðtryggð lán í íslenskum krónum..... | 6,7% | 28.199 | 6,7% | 28.199 |
| Í erlendum gjaldmiðlum: | | | | |
| Lán í USD..... | 3,1% | 309.627 | 3,1% | 306.862 |
| Lán í SEK..... | 5,2% | 35.582 | 5,2% | 35.582 |
| Lán í NOK..... | 8,6% | 13.420 | 8,6% | 13.420 |
| Lán í JPY..... | 1,8% | 95.874 | 1,8% | 95.874 |
| Lán í GBP..... | 5,5% | 56.626 | 5,5% | 56.626 |
| Lán í EUR..... | 4,9% | 838.338 | 5,1% | 283.966 |
| Lán í CHF..... | 2,0% | 56.184 | 2,0% | 56.184 |
| Lán í DKK..... | 7,0% | 225.718 | | |
| | | 1.631.369 | | 848.514 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun..... | | 1.659.568 | | 876.713 |
| Næsta árs afborgun..... | | (256.714) | | (149.780) |
| Langtímaskuldir samtals..... | | 1.402.854 | | 726.933 |

Framangreind vaxtahlutföll eru veginir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í lok ársins.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|----------------|------------------|----------------|
| Árið 2003..... | 256.714 | 149.780 |
| Árið 2004..... | 281.348 | 150.142 |
| Árið 2005..... | 251.913 | 145.144 |
| Árið 2006..... | 225.307 | 139.815 |
| Árið 2007..... | 224.917 | 139.425 |
| Árið 2008..... | 139.632 | 54.886 |
| Síðar..... | 279.737 | 97.521 |
| Samtals | <u>1.659.568</u> | <u>876.713</u> |

VEÐSETNINGAR OG ÁBYRGÐASKULDBINDINGAR

24. Á eignum móðurfélags og samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum að upphæð kr. 2.035 milljónir. Bókfært verð veðsettra eigna sundurliðast á eftirfarandi hátt:

| | Samstæða | Móðurfélag | | |
|---------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| | Bókfært verð | Veðsetning | Bókfært verð | Veðsetning |
| Fasteignir..... | 1.262.688 | 1.573.607 | 638.298 | 860.665 |
| Hlutabréf í Grandá hf..... | 333.546 | 418.827 | 333.546 | 418.827 |
| Birgðir og viðskiptakröfur..... | 309.901 | 42.751 | 309.901 | 42.751 |
| Samtals | <u>1.906.135</u> | <u>2.035.185</u> | <u>1.281.745</u> | <u>1.322.243</u> |

25. Hampiðjan hf. ábyrgist greiðslu veðskuldabréfa er fengust við sölu fasteignanna Stakkholts 2 - 4 og Stakkholts 3, sem seld voru árið 1994. Uppreiknaðar eftirstöðvar þeirra með áföllnum vöxtum í lok ársins eru kr. 176 milljónir. Síðasti gjalddagi bréfanna er í maí 2007. Skuldabréfin eru tryggð með 1. til 5. veðrétti fasteignanna. Skuldabréfin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti.
26. Hampiðjan hf. hefur skuldbundið sig með kaupréttarsamningi til að selja hlutabréf í félagini að nafnverði kr. 5.667 þús. á næstu einu til tveim árum á genginu fjórum.
27. Hampiðjan hf. hefur ábyrgst greiðslu langtímaláns og skammtímalána dótturfélagsins Cosmos Trawl sem það tók hjá Jyske Bank á Jótlandi. Upphæð lánanna er kr. 131 milljón í lok ársins.